

Aðalfundur LÍ
2. - 3. október 2025

Ályktun
um kortlagningu heilbrigðiskerfisins

Á undanförunum árum hefur ítrekað verið bent á að heildarsýn skorti í íslenska heilbrigðiskerfinu. Skortir bæði yfirsýn yfir þá þjónustu sem í boði er og hvernig hún er skipulögð og uppbyggð. Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Stykkishólmi 2. - 3. október 2025 skorar því á heilbrigðisráðherra að ljúka sem fyrst ítarlegri kortlagningu á heilbrigðiskerfinu í samvinnu við LÍ og aðra hagaðila. Slík kortlagning myndi gefa skýra mynd af allri heilbrigðisþjónustu hér á landi, þar á meðal starfseiningum, mannafla, framleiðni og öðrum lykilþáttum og þannig skapa traustan grunn fyrir markvissa stefnumótun, verkaskiptingu og úrbætur í þjónustu til framtíðar.